



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Barton syngur Brahms

18. febrúar 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og eru aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

Áætluð tímalengd verka:

Forleikur: 10'

Rapsódía: 13'

Sinfónía: 80'

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Mynd á kápu:

Páll Hannesson og Jóhannes Georgsson, bassaleikarar.

© Ari Magg



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Barton syngur Brahms

Tónleikar í Eldborg 18. febrúar 2016 » 19:30

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri

Jamie Barton einsöngvari

Karlagórinn Fóstbræður

Árni Harðarson kórstjóri

Franz Schubert

Rósamunda, forleikur (1820)

Johannes Brahms

Rapsódía fyrir altrödd, karlagór og hljómsveit (1869)

Adagio – Poco andante – Adagio

Hlé

Anton Bruckner

Sinfónía nr. 5 (1875–76)

Adagio – Allegro

Adagio. Sehr langsam

Scherzo. Molto vivace

Finale (Adagio) – Allegro moderato

Hannu Lintu

hljómsveitarstjóri



 @hlintu

Hannu Lintu fæddist í Finnlandi árið 1967. Hann er nú aðalstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar í Helsinki, en hefur áður gegnt slíkri stöðu við Fílharmóníuhljómsveitina í Tampere auk þess sem hann var aðalgestastjórnandi Írsku þjóðarsinfóníuhljómsveitinnar.

Lintu lærði selló- og píanóleik við Sibeliusar-akademíuna í Finnlandi og hljómsveitarstjórn hjá Eri Klas og Jorma Panula. Árið 1994 bar hann sigur úr bítum í Norrænu stjórnandakeppninni í Bergen og síðan hefur hann stjórnað mörgum helstu hljómsveitum Norðurlanda, m.a. Fílharmóníunni í Bergen, Dönsku útvarpshljómsveitinni og Konunglegu fílharmóníunni í Stokkhólmi. Hann hefur auk þess stjórnað víða í Bandaríkjunum, meðal annars Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles, og sinfóníuhljómsveitunum í Baltimore, Pittsburgh, St. Louis og Washington D.C. Þá hefur hann stjórnað m.a. í Malasíu, Japan, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Síðastliðið haust stjórnaði hann Finnsku útvarpshljómsveitinni á tónleikaferð til Japans, og er nýkominn úr tónleikaferð hljómsveitarinnar til Vínarborgar og Salzburg ásamt bandaríska fiðluleikaranum Leilu Josefowicz.

Lintu hefur stjórnað ótal óperuuppfærslum, m.a. *Carmen* eftir Bizet og *Töfraflautu* Mozarts við Finnsku þjóðaróperuna, og mun stjórna *Tristan og Ísold* eftir Wagner við sama óperuhús í maí næstkomandi. Hann hefur hljóðritað fyrir Ondine, Hyperion og Naxos, meðal annars tónlist eftir Einojuhani Rautavaara og Kaiju Saariaho, en einnig verk eftir Mendelssohn, Tsjajkovskíj og Messiaen. Einn diska hans var tilnefndur til Grammy-verðlauna árið 2011 og tveir hafa verið tilnefndir til *Gramophone*-verðlauna. Lintu hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands nokkrum sinnum áður, síðast á fyrsta starfsári hennar í Hörpu, en þá stýrði hann flutningi á öllum sinfóníum Beethovens við feiknagóðar undirtektir.

Jamie Barton

einsöngvari



 @jbartonmezzo

Bandaríska söngkonan Jamie Barton vakti athygli tónlistarunnenda um heim allan þegar hún hlaut fyrstu verðlaun í Cardiff Singer of the World-keppninni í júní 2013. Hún varð fyrsta söngkonan í 30 ára sögu keppinnar til að hreppa bæði aðalverðlaunin, fyrir ljóðasöng og óperu.

Barton hlaut Richard Tucker-verðlaunin 2015, en þau eru veitt ungum bandarískum söngvara sem þykir hafa náð glæsilegum árangri við upphaf ferils síns. Á starfsárinu 2015–2016 kemur hún m.a. fram í Covent Garden í *Nabucco*, í Metropolitan-óperunni í *Anna Bolena*, og í Los Angeles-óperunni í *Norma*. Hún söng *Alt-rapsódíu* Brahms á BBC Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall í fyrra, ásamt Hljómsveit upplýsingaraldarinnar (Orchestra of the Age of Enlightenment) undir stjórn Marin Alsop.

Ferill Barton hófst þegar hún bar sigur úr bytum í söngkeppni Metropolitan-óperunnar árið 2007 og það sama sumar kom hún í fyrsta sinn fram sem atvinnusöngkona á óperusviði, sem Annina í *La traviata* eftir Verdi í St. Louis. Hún hefur sungið á Aspen-tónlistarhátíðinni, við Lyric Opera í Chicago og Bæversku þjóðaróperuna í München, og komið fram á tónleikum með Fílharmóníuhljómsveitinni í Moskvu. Einnig hefur hún sungið sálumessu Verdis með Sinfóníuhljómsveitinni í Melbourne og *Vorsinfóníu* Brittenns með Cleveland-hljómsveitinni undir stjórn Franz Welzer-Möst.

Jamie Barton söng einsöng í þriðju sínfóníu Mahlers með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð í Reykjavík 2013, undir stjórn Osmos Vänskä.

Karлакórinn Fóstbræður



Karлакórinn Fóstbræður fagnar því þann 18. nóvember næstkomandi að 100 ár eru liðin frá stofnun kórsins. Þá tók Jón Halldórsson við söngstjórn söngfélags sem hafði verið starfrækt frá 1911 innan vébanda KFUM og kenndi kórinn sig við þann félagsskap til ársloka 1936 þegar hann tók upp nafnið Fóstbræður. Kórinn hefur starfað óslitið frá stofnun og heldur hundruðustu aðaltónleika sína í lok apríl en fyrstu tónleikarnir voru haldnir í Bárubúð 25. mars 1917. Auk Jóns Halldórssonar eru Ragnar Björnsson og Árni Harðarson þeir söngstjórar sem lengst hafa stjórnað kórnum en Jón Þórarinnsson, Jónas Ingimundarson, Jón Ásgeirsson og Garðar Cortes voru í því hlutverki til skemmri tíma.

Leiðir Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Fóstbræðra lágu fyrst saman við uppfærslu Þjóðleikhússins á óperunni *Rigoletto* eftir Verdi árið 1951. Á sjötta áratugnum tók kórinn þátt í tónleikauppfærslum með Sinfóníuhljómsveitinni í tvígang en fyrstu eiginlegu sinfóníutónleikarnir þar sem kórinn kom fram voru 7. febrúar 1963 þegar *Völuspá* eftir J.P.E. Hartmann var flutt undir stjórnagnars Björnssonar.

Af þeim verkum sem kórinn hefur flutt með hljómsveitinni má nefna *Il trovatore* eftir Verdi (1956), *Stríðsmessu* Martinú (1966), *Alþingishátíðarkantötu* eftir Pál Ísólffsson (1968), *Ödipus rex* eftir Stravinskij (1971 og 2004), *Þrymskviðu* eftir Jón Ásgeirsson (1975), *Sinfóníu nr. 13, Babí Jar*, eftir Shostakovitsj (1990, 2002 og 2006) og nú síðast *Kullervo* eftir Sibelius ásamt Karлакór Reykjavíkur (2015). Fóstbræður koma nú fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni í tuttugasta og fyrsta sinn.

Um þessar mundir eru um 100 virkir meðlimir í Karлакórnum Fóstbræðrum. Auk þess starfar kórinn Gamli Fóstbræður sem telur um 30 söngmenn, þeirra á meðal er Aðalsteinn Guðlaugsson sem tók þátt í flutningi á *Rigoletto* fyrir 65 árum. Árni Harðarson hefur verið söngstjóri frá árinu 1991.

Árni Harðarson

kórstjóri



Árni Harðarson lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Kópavogs og stundaði framhaldsnám í píanóleik og tónsmíðum við The Royal College of Music í London á árunum 1978–83. Að loknu námi sneri hann heim og hefur verið virkur í íslensku tónlistarlífi sem kórstjóri, tónskáld og tónlistarkennari. Hann stýrði Háskólakórnum 1983–89 og var ráðinn söngstjóri Fóstbræðra árið 1991. Þá hefur Árni komið fram sem kór- og hljómsveitarstjóri í ýmsum verkefnum innanlands og utan í samstarfi við ólíka listamenn. Má þar m.a. nefna flutning á *Hrafnagaldri Óðins* í fjórum löndum í samstarfi við hljómsveitina Sigur Rós og Hilmar Örn Hilmarsson, frumflutning íslenskra tónverka á Sumartónleikum í Skálholti og hljómsveitarstjórn á jólatónleikum Frostrósa um árabíl.

Tónsmíðar Árna hafa einkum verið á sviði söng- og leikhústónlistar, m.a. hefur hann skrifað fyrir sýningar í Þjóðleikhúsinu, Stúdentaleikhúsinu, Nemendaleikhúsinu og í útvarpi og sjónvarpi. Árni hefur unnið að félagsmálum tónskálda; var m.a. formaður Tónskáldafélags Íslands 1995–98 og fulltrúi Íslands í NOMUS, Norrænu tónlistarnefndinni, 1993–2000. Árni hefur verið skólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs frá árinu 2000.



Franz Schubert

Rósamunda, forleikur

Á tónleikum kvöldsins hljóma verk eftir þrjá Vínarbúa, en Franz Schubert (1797–1828) var hinn eini þeirra sem fæddur var í borginni og bjó þar ævilangt. Hann er helst kunnur fyrir sönglög sín og símfóníur, en stundum vill gleymast að hann samdi allnokkuð af tónlist fyrir leikhús, bæði óperum og tónlist við leikrit. Tónlistin þykir misjöfn að gæðum en hafa verður í huga að aðstæður voru honum síst í hag. Um þetta leyti gat enginn skákað ítalska meistaranum Rossini sem hélt Vínarbúum hugföngnum, auk þess sem ritskoðun Metternichs kanslara torveldaði alla nýsmíði í leikhúsi. Óperur Schuberts eru flestum gleymdar: *Die Zwillingsbrüder* (Tvíburabræðurnir), *Alfonso og Estrella*, *Fierrabras*, og þannig mætti áfram telja.

Sumarið 1820 pantaði Theater an der Wien nýja leikhústónlist hjá Schubert við leikritið *Die Zauberharfe* eða *Töfrahörpuna* eftir Georg von Hofmann. Schubert samdi 13 stykki sem hljómuðu með leikritinu, þeirra á meðal forleikinn sem hljómar hér í kvöld. Þegar forleikurinn var fyrst gefinn út á nótum löngu eftir daga Schuberts, árið 1855, var hann fyrir misskilning kenndur við leikritið *Rósamundu*, sem Schubert samdi tónlist við árið 1823. Þar var allt önnur upphafstónlist, en þessi nafngift festist við forleikinn eigi að síður.

Forleikur Schuberts að *Töfrahörpunni/Rósamundu* er prýðileg skemmtimúsík og hefur eflaust náð að létta lund leikhúsgesta áður en tjaldið var dregið frá. Eftir hægán og ábúðarmikinn inngang taka við létt og gáskafull stef, og ítalskur hreimur sumra þeirra er einmitt til marks um áhrifamátt Rossinis á Vínartónskáld um þetta leyti.

Tónlistin á Íslandi

Forleikurinn að *Rósamundu* heyrðist allsnemma á Íslandi í flutningi smærri tónlistarhópa, og þá var verkið lagað að þeim hljóðfærakosti sem til staðar var. Hljómsveit Reykjavíkur lék forleikinn 1926 og aftur 1930; Útvarpshljómsveitin flutti hann árið 1946. Símfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn fyrst undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1951. Síðan hafa m.a. stýrt honum þeir Páll Ísólffsson (á tónleikaferðum um landið 1956 og 1957), Jindrich Rohan (1961), Jan Krenz (1994) og B. Tommy Anderson (1997).



Tónlistin á Íslandi

Alt-rapsódían hefur einu sinni hljómað hér á landi í hljómsveitargerð, á tónleikum Íslensku hljómsveitarinnar í Langholtskirkju árið 1986. Þá söng Jóhanna V. Þórhallsdóttir með Karlakórnum Fóstbræðrum undir stjórn Ragnars Björnssonar. Karlakór iðnaðarmanna flutti verkið í fyrsta sinn á Íslandi, árið 1944 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar, og söng Annie Þórðarson einsöng en Anna Pjeturss lék á píanó. Karlakór Reykjavíkur hefur tvisvar flutt verkið með píanómeðleik, og voru einsöngvarar Rannveig Fríða Bragadóttir og Sólveig Samúelsdóttir. Þýðing Yngva Jóhannessonar á ljóði Goethes (sjá bls. 12) birtist í Lesbók Morgunblaðsins árið 1966 og síðar í ljóðabýðingum hans sem komu út 1973.

Johannes Brahms

Rapsódía

Í desember árið 1777 hélt skáldjöfurinn Johann Wolfgang von Goethe í ferðalag til Harz-fjalla, sem eru nyrsti fjallgarður Þýskalands, í Neðra-Saxlandi og Þýringjalandi. Þar vissi hann af ungum guðfræðistudent sem glímdi við þunglyndi eftir að hafa lesið bók Goethes, *Raunir Werthers unga*, og sem hafði skrifað skáldinu bréf með ósk um heilræði. Goethe ræddi við manninn heila kvöldstund án þess að sá síðarnefndi vissi að viðmælandinn væri skáldið sem hann dáði svo mjög. Allt þetta varð Goethe efni í kvæði þegar heim var komið, *Harzreise im Winter* eða Vetrarferð í Harzfjöll.

Nærri öld síðar, árið 1869, tónsetti Johannes Brahms (1833–1897) þrjú af þrettán erindum Goethes. Rapsódía hans fyrir altrödd, karlakór og hljómsveit er fremur óvenjulegt verk en áhrifaríkt; tónlistin minnir helst á óperuatriði. Dökkur hljómsveitarinngangur gefur tóninn fyrir það sem koma skal. Í upphafslínunum kvæðisins, sem Brahms tónsetur sem söngles fyrir altrödd, er lýst á samúðarfullan máta manni sem stendur eins og utan við heiminn og lítur á hann með forakt; hann hefur drukkið „haturshug úr ástargnótt“ eins og segir í kvæðinu. Því næst kemur eins konar millikafli eða *arioso*, og því næst aría. Eftir því sem verkinu vindur fram fær tónlistin mildari blæ. Í lokahlutanum tekur karlakór undir í fögrum bænasöng til almættisins.

Brahms var hæstánægður með rapsódíuna. „Þetta er það besta sem ég hef gert hingað til“ skrifaði hann forleggjara sínum. Clara Schumann, sem var náinn vinur tónskáldsins, fékk fyrst að skoða nóturnar og hún ritaði í dagbók sína: „Það er langt síðan ég hef hrifist jafn innilega af sársaukanum sem falist getur í orðum og tónum. Hér tjáir Johannes sína eigin sálarangist. Ef aðeins hann ætti jafn auðvelt með að tjá sig í orðum!“ Sú sem frumflutti Alt-rapsódíuna árið 1870 var Pauline Viardot-Garcia sem var ein frægasta söngkona 19. aldar, vinkona Chopins og Wagners, og ástkona skáldsins Ívans Túrgenjev.

Anton Bruckner

Sinfónía nr. 5



Tónlistin á Íslandi

Fimmta sinfónía Bruckners hefur aðeins einu sinni hljómað á tónleikum SÍ, undir stjórn Petris Sakari í desember 1990.

Anton Bruckner (1824–1896) skar sig um margt úr hópi tónskálda 19. aldarinnar, bæði í listsköpun sinni og persónugerð. Hann var ekki borgarbarn, fæddist í smáborpi nærri Linz og hóf feril sinn sem organisti við klaustur þar í grennd. Bruckner var þrjátíu og eins árs gamall þegar hann hóf tónsmíðanáám, og kominn á fimmtugsaldur þegar hann fluttist til Vína borgar með það fyrir augum að helga tónsmíðum líf sitt. Hann þótti sveitalegur í framkomu og var þjakaður af minnimáttarkennd gagnvart eigin tónsmíðum, sem birtist meðal annars í því að hann endurskoðaði verk sín linnulaust. Þá var hann einlægur trúmaður á tímum þegar fleiri listamenn sóttu innblástur í persónulega reynslu en til æðri máttarvalda. Merki þess má heyra í flestum verka hans, ekki eingöngu þeim sem samin eru fyrir trúarleg tækifæri.

Fimmtu sinfóníu sína samdi Bruckner á árunum 1875 og 1876, en endurskoðaði hana tveimur árum síðar. Þetta voru erfiðir tímar í lífi hans; Vína búar tóku honum fálega og hann átti erfitt með að láta enda ná saman enda voru tekjur hans af píanókennslu með minnsta móti. Þó var hann metnaðargjarn þegar kom að tónsmíðunum og fimmta sinfónía hans var hin víðamesta sem hann hafði samið fram að þessu. Hún var einnig hin eina af sinfóníum hans sem hann sjálfur heyrði aldrei flutta, að undanskilinni þeirri níundu sem hann lést frá ófullgerðri. Frumflutningurinn fór fram í Graz árið 1894, en þá var Bruckner of lasburða til að geta verið viðstaddur.

Fyrsti þáttur hefst á hægum inngangi með tignarlegum lúðraþyt, en því næst hljómar hraðari kaflí. Tóntegundir eru mjög á reiki og kaflinn hefur á köflum spunakenndan blæ; stefjum og hrynn af ýmsum toga bregður fyrir. Sagt hefur verið að sjaldan hafi Bruckner reynt jafn mikið á þanþol sönötu-formsins og einmitt hér. Eftir hægum þátt hljómar *scherzo* sem ýmist er léttstígt eða þróttmikið, og stundum bregður jafnvel fyrir austurrískum sveitadansi, *Ländler*. Í lokaþætti

sinfóníunnar bregður fyrir stefjum úr fyrri þáttum, sem ekki ná þó flugi í þetta sinn. Hugmyndin er eflaust sótt í Níundu sinfóníu Beethovens, þar sem hljómsveitin einmitt „hafnar“ fyrri stefjum áður en *Óðurinn til gleðinnar* ómar í allri sinni dýrð. Í sinfóníu Bruckners er meginhluti lokakafans ofinn úr fúgu – þar sem hvert hljóðfæri á eftir öðru leikur sama stef – ásamt mikilfenglegu sálmalagi málmblásturshljóðfæranna. Þannig fær tónlistin þann völduga blæ sem einkennir sinfóníur organistans Bruckners, enda er þeim oft líkt við „dómkirkjur í tónum“.

Árni Heimir Ingólfsson

Söngtextar

Aber abseits, wer ist's?
In's Gebüsch verliert sich sein Pfad;
Hinter ihm schlagen
Die Sträucher zusammen,
Das Gras steht wieder auf,
Die Öde verschlingt ihn.

Ach, wer heilet die Schmerzen
Dess, dem Balsam zu Gift ward?
Der sich Menschenhaß
Aus der Fülle der Liebe trank!
Erst verachtet, nun ein Verächter,
Zehrt er heimlich auf
Seinen eigenen Wert
In ungenügender Selbstsucht.

Ist auf deinem Psalter,
Vater der Liebe, ein Ton
Seinem Ohre vernehmlich,
So erquickte sein Herz!
Öffne den umwölkten Blick
Über die tausend Quellen
Neben dem Durstenden
In der Wüste.

Johann Wolfgang von Goethe

Hver fer afsíðis einn
þar sem troðningur týnist í kjarr?
Bak við hann loka sér
lágvaxnir runnar
og lyftist gras á ný.
Hann hverfur í húmið.

Æ, hver þaggar þrautir
þess er eitruðust lífgrös?
Þess, er haturshug
hefur drukkið úr ástargnótt?
Smáður fyrst — en smáir nú sjálfur.
Glatar hann í leynd
gildi eigins lífs
haldinn hrjóstugri sjálfshugð.

Fái flutt þín harpa,
faðir alls kærleiks, einn tón,
greint er geti hans eyra,
gef þá fróun hans sál.
Opna þú útsýni byrgt
út yfir þúsund lindir
umhverfis örþyrstan
auðnarbúa.

Yngvi Jóhannesson þýddi

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR

18. febrúar 2016

SÖNGSTJÓRI

Árni Harðarson

1.TENÓR

Aðalsteinn Arason
Arnlaugur Helgason
Birgir Karl Óskarsson
Björn Jónsson
Elís Reynarsson
Finnbogi H. Alexandersson
Friðrik Snorrason
Guðjón Snæbjörnsson
Guðmundur R. Benediktsson
Guðmundur Birkir Jóhannsson
Gunnar Már Gunnarsson
Jón Viðar Arnórsson
Kjartan Smári Höskuldsson
Lárus Loftsson
Martin Halsvik Lillealtern
Ólafur Hilmarsson
Ragnar Árni Sigurðarson
Reynir Þormar Þórisson
Sverrir Jónsson
Teitur Þorkelsson
Þórður Jóhann Guðmundsson
Þórður Júlíusson
Þráinn Sigurðsson

2.TENÓR

Arinbjörn Vilhjálmsson
Árni Kjartansson
Birgir Þór Borgþórsson
Dieudonné Gerritsen
Geir Gunnlaugsson
Guðmundur Örn Ragnarsson
Guðmundur Valsson
Guðni Eiríksson
Gunnar Ólafsson
Hannes Snorrason
Hans Júlíus Þórðarson
Jón Steinar Jónsson
Ragnar Már Magnússon
Stefán Már Sturluson
Steinar Þór Danielsson
Tómas Þór Tómasson
Tryggvi T. Tryggvason
Þorsteinn Guðnason
Þorvaldur B. Hauksson

1.BASSI

Agnar Wíium Ástráðsson
Agnar Óskarsson
Andrés Fjeldsted
Andri Egilsson
Birgir Guðmundsson
Björgvin Valdimarsson
Björn Steingrímsson
Eiríkur Jónsson
Eyþór Eðvarðsson
Gregory Farrant
Guðgeir Einarsson
Guðjón Ragnarsson
Guðmundur Jóhannsson
Hafliði Helgason
Halldór Þórarinsson
Haraldur Baldursson
Helgi Kristjánsson
Magnús Ástvaldsson
Ragnar Marteinsson
Reynir Þór Eyvindsson
Smári Ríkarðsson
Snorri Baldursson
Þorleifur Magnús Magnússon
Örn Baldursson

2.BASSI

Alfreð Jóhannsson
Arnór Þórir Sigfússon
Gunnar Már Jóhannsson
Gunnar Reynarsson
Gunnlaugur V. Snævarr
Hjálmur Gunnarsson
Hróbjartur Óskarsson
Jón Rúnar Kristjánsson
Júlíus B. Kristinsson
Kjartan Ingvason
Magnús Snæbjörnsson
Marteinn Jóhannsson
Páll Tómas Viðarsson
Pétur S. Gunnarsson
Sigurður Þ. Jakobsson
Sigurjón Helgason
Smári S. Sigurðsson
Stefán Árni Einarsson
Stefán Már Halldórsson
Vignir Björnsson
Þorgeir H. Nielsson

Hljómsveit á tónleikum

18. febrúar 2016

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Mark Reedman
Martin Frewer
Andrzej Kleina
Pascal La Rosa
Ágústa María Jónsdóttir

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sigursveinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Giorgi Kalendarishvili
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Helgi Svavarsson
Rakel Björt Helgadóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Steeff van Oosterhout

Yan Pascal Tortelier aðalhljómsveitarstjóri frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgeststjórnandi
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eypórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna

Aldagömul hefð í Norðurljósum



HARPA

Vínardrengja- kórinn

Einn frægasti drengjakór heims syngur árlega fyrir meira en hálfa milljón áhorfendur um allan heim á yfir 300 tónleikum. Meðal kórdrengja er íslenskur drengur sem búsettur er í Vín en hann kemur fram með Vínardrengjakórnum í Hörpu í febrúar.



27. og 28. febrúar
kl. 15:00 í Norðurljósum

Listrænn stjórnandi
Gerald Wirth

Kórstjóri
Manolo Cagnin

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

www.harpa.is/vbc

ICELANDAIR 

 Arion banki

 CENTER
HOTELS

 LEXUS

Föstudagsröðin



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Í Norðurljósum í Hörpu

Fös **4. mars** » 18:00

Fös **1. apríl** » 18:00

Fös **6. maí** » 18:00

Föstudagsröðin er ný tónleikaröð þar sem hljómsveitarstjórinn Daníel Bjarnason teflir saman hljómsveitarverki og einleiksverki á klukkustundarlöngum tónleikum.

Miði á staka tónleika er á 2.700 kr.

Áskriftarkort á þrenna tónleika kostar aðeins 6.480 kr.



@icelandsymphony #sinfó



Aðalsýrktaraðili:

GAMMA